



HÁRG1GB02A Hárgreiðsla og blástur 1

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – vorönn 2019

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

Áfangalýsing: Nemandinn kynnist hugmyndum, tækni og aðferðum á bak við mótun hárs með rúllum, klípum og hverskonar hitatækjum. Hann lærir og fær þjálfun í grunnatriðum við ísetningu á rúllum og klípum og mótun blautbylgja. Kennend er notkun á krullu- og hitajárnum auk beitingar rúllubursta við dömublástur og gerð einfaldra fléttna og snúninga. Farið er í undirstöðuatriði í form- og bylgjublæstri herra. Kennend er gerð og notkun verklýsinga. Notast er við æfingahöfuð við verklega þjálfun.

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi formuppbyggingu í greiðslum og blæstri.
- mismunandi gerðum rúlluísetninga og úrgreiðslna.
- viðeigandi hármótunarefnum og áhöldum við ísetningu og greiðslu.
- gerð og notkun verklýsinga fyrir hárgreiðslu.
- mismunandi formum á bylgjugreiðslum.
- notkun bylgjugreiðu og klípa.
- notkun hárblásara og mismunandi tegunda af burstum.
- einfaldri notkun hitajárna til hármótunar.
- einföldum fléttum og snúningum í sitt hár.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera grunnskiptingar fyrir upprúll.
- skipta hárinu upp í fyrirfram ákveðnar brautir.
- setja ýmsar stærðir af rúllum í misjafna sídd af hári.
- túbera og greiða úr mismunandi upprúllum á æfingahöfðum.
- gera klípuupprúll á æfingahöfði auk úrgreiðslu.
- blása dömuhár í mismunandi form.
- nota viðeigandi burstu, greiður og mótunarefni.
- gera einfaldar fléttur og snúninga.
- handleika hitajárn.

Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipta, rúlla upp og forma hár með hliðsjón af útkomu, uppbyggingu og áferð greiðslu.
- notast við verklýsingar við gerð greiðslna.
- beita saman blásara, burstu og greiðu.
- halda á greiðu á sama tíma og rúllað er upp.
- taka skiptingar í samræmi við spólustærð og fyrirhugaða útkomu.
- krulla og slétta hár

Námsmat

Símat